

## AUGLÝSING

### um hækkun hunda- og kattaleyfisgjalda í Fjarðabyggð.

Með vísan til 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum, samþykktar um kattahald nr. 246/2000 og samþykktar um hundahald nr. 252/2000 í Fjarðabyggð hefur bæjarstjórn Fjarðabyggðar samþykkt að hækka gjaldskrá fyrir hunda- og kattahald í Fjarðabyggð nr. 47/2002. Í 1. gr. gjaldskrár verður leyfisgjald fyrir hvern hund 10.500 kr. og í 2. gr. verður leyfisgjald fyrir kött 5.500 kr. Í 4. gr. verður handsömunargjald í fyrsta skipti 4.730 kr. og eftir það 9.200 kr. hvert skipti. Hækkun gjalda var samþykkt í bæjarstjórn Fjarðabyggðar 13. desember 2007 og öðlast þegar gildi.

*Fjarðabyggð, 3. mars 2008.*

**Gunnar Jónsson,**  
forstöðumaður fjármála- og stjórnsýslusviðs.

---

B-deild – Útgáfud.: 18. mars 2008